



## Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps

Mánudaginn 10. September 2018 kl 10:00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum

Mætt: Karl Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson og Herdís Erna Matthíasdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags og byggingarfulltrúi. Ingimar Ingimarsson ritaði fundargerð.

Dagskrá

### Mál til afgreiðslu

- 1. Fundargerð síðasta fundar 19. Júlí**  
*Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða*
- 2. Vindorkugarður í Garpsdal**  
*Lögð fyrir umsókn EM-orku um stöðuleyfi fyrir sodar vindmælingabúnað. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út stöðuleyfi til 2 ára. Samþykkt samhljóða.*
- 3. Stöðuleyfi fyrir rafstöðvargám í Flatey**  
*Lögð fyrir umsókn um stöðuleyfi fyrir rafstöðvargám. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að grenndarkynna stöðuleyfið fyrir aðliggjandi lóðarhöfum. Samþykkt samhljóða.*
- 4. Umsókn um stofnun frístundalóðar í landi Hafrafells 3**  
*Lögð fyrir umsókn um stofnun lóðar í landi Hafrafells sem hefur fengið heitið Arnarás. Umsóknin samþykkt samhljóða.*
- 5. Erindi Vegagerðar um neikvæða afkomu hafnarsjóðs**  
*Erindi Vegagerðar lagt fyrir. Sveitarstjóra falið að svara bréfi Vegagerðar.*
- 6. Deiliskipulag Dals í Kvígindisfirði**  
*Bréf skipulagsstofnunar um deiliskipulag Dals í Kvígindisfirði. Skipulagið hefur verið auglýst í B- deild stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.*
- 7. Umsóknir um húsnæði á vegum sveitarfélagsins**  
*Lagðar fram umsóknir um leigu á húsnæði sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að fara yfir umsóknir með m.t.t úthlutunarreglna sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*
- 8. Göngustígar við Langavatn**  
*Lagt fram bréf um að bæta við göngustíg á leið meðfram Langavatni sem tengingu á milli Einireykja og fuglaskoðunarhúss. Samþykkt samhljóða.*

Önnur mál(ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11:10

